

## Geðfatlaðir þurfa að bíða mánuðum saman eftir meðferð

Þriggja til sex mánaða bið er nú eftir viðtali við geðlækni hér á landi, að sögn Sveins Magnússonar, framkvæmdastjóra Geðhjálp- ar. Hann segir að staða fólks, sem á við geðræn vandamál að stríða, sé mjög slæm og að langan tíma taki að fá úrlausn sinna mála.

„Ef einstaklingur er ekki nógu veikur er málið erfitt. Það er vissulega hægt að leita til

### Meira en árs bið eftir meðferð.

sálfræðings en það er hins vegar dýrt og ekki hægt að fá neina niðurgreiðslu,“ segir Sveinn. „Ef hins vegar er staðfest að einstaklingur sé nægilega veikur, ef svo má að orði komast, er fyrst um að ræða þriggja til sex mánaða bið eftir viðtali við geðlækni. Þegar geðlæknir er búinn að staðfesta að sjúklingur er veikur tekur önnur bið við. Ein besta meðferðin sem í boði er hér á landi fyrir geðfatlaða nefnist „Hugræn atferlismeðferð“ (HAM) en boðið er upp á hana á Reykjalundi. Hún hefur gefið gríðarlega góðan árangur og skilar einstaklingum annaðhvort læknuðum, eða a.m.k. einkennalausum, út í samfélagið. Um 500 manns eru nú á biðlista eftir slíkri meðferð og ef svo fer fram sem horfir verða 600 á þessum biðlista að ári liðnu. Þetta þýðir að biðin eftir þessari meðferð er rúmt ár.“

### Heima að bryðja töflur

Aðspurður um hvað sjúklingar geri meðan beðið er eftir meðferð segir Sveinn:

„Ég er hræddur um að þessir einstaklingar séu einfaldlega heima að bryðja töflur. Það eru heimilislæknar sem vísa um 60% af geðlyfjum hér á landi. Geðlyf eru mjög mismunandi og sama lyfið getur virkað vel á einn einstakling en ekki annan. Þarna er því um gegndarlausan austur lyfja og peninga að ræða,“ segir Sveinn. Hann bendir ennfremur á að lyf lækni sjaldnast geðsjúkdóma. Þau séu frekar eins og gíf eða hjálpartæki sem hjálpa einstaklingum að takast á við sjúkdóminn.